


## 10- kapall

1. Takið alla kónga, drottningar og gosa úr spilunum.
2. Spilin sem eru eftir eru lögð upp í loft í píramída þar til 21 spil er komið í borð. Sjá mynd



3. Taktu 2 spil sem gefa summuna 10 (ás=1) og leggðu til hliðar. Tíán er fjarlægð ein og sér.
4. Þegar þú finnur ekki fleiri spil sem samanlagt eru 10 skaltu fletta spilunum í bunkanum. Fáir þú spil sem gefur 10 ásamt spili sem er í borði seturðu þau spil til hliðar.
5. Fletta má bunkanum aftur og aftur þangað til ekki finnast fleiri spil sem gefa summuna 10 eða öll spilin hafa náðst úr borði og kapallinn genginn upp.

Góða skemmtun!